

## AUGLÝSING um samþykkt breytinga á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti 7. maí 2014 eftirtaldar breytingar á deiliskipulagi Helgafellshverfis að undangenginni meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslag nr. 123/2010:

*Á deiliskipulagi 1. áfanga, miðhverfis.* Breytingarnar taka til lóða nr. 13-23 við Gerplustræti og felast m.a. í stækkan lóða, færslu byggingarreita fjær götu og breyttu fyrirkomulagi bílastæða, bílkjallara og innkeyrslna í þá.

*Við Efstaland í 2. áfanga.* Fimm lóðir fyrir tveggja hæða einbýlishús ofan/norðan Efstalands (nr. 2-10) breytast í níu lóðir fyrir raðhús, tveggja hæða með einnar hæðar bílskúrum á milli. Bílastæði langsum við götu færast suður yfir götuna.

*Við Uglugötu í 3. áfanga.* Sjö lóðir fyrir einnar hæðar einbýlishús norðan/austan Uglugötu (nr. 15-27) breytast í lóðir fyrir 10 einnar hæðar parhús (5 „pör“).

*Við Sölkugötu í 3. áfanga.* Fimm lóðir fyrir einnar og tveggja hæða einbýlishús norðan/austan Sölkugötu (nr. 16-22) breytast í sjö lóðir fyrir raðhús, tveggja hæða með einnar hæðar bílskúrum á milli. Sölkugata verður tengd norður í safngötu í stað þess að enda sem botnlangi, og almennum bílastæðum við Sölkugötu og safngötuna fjölgar.

Ofangreindar breytingar á deiliskipulagi hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög kveða á um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 11. júní 2014,*

**Finnur Birgisson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 13. júní 2014